

FRÁSÖGN

af 130. þingi Alþjóðáþingmannasambandsins (IPU) og tengdum fundum í Genf 16.–20. mars 2014.

Af hálfu Íslandsdeildar þingmannanefndar IPU sótti fundinn Ragnheiður Ríkharðsdóttir, formaður, Ásmundur Einar Daðason og Birgitta Jónsdóttir, auk Örnú Gerðar Bang, ritara Íslandsdeildar. Helstu mál á dagskrá voru hlutverk þjóðþinga við að stuðla að heimi án kjarnorkuvopna, vernd réttinda barna og þýðing lýðfræðilegrar þróunar og náttúrulegar takmarkanir á þróun ríkja og samstarfið milli Sameinuðu þjóðanna, þjóðþinga og IPU. Nefnd um málefni Sameinuðu þjóðanna fundaði í tengslum við þingið auk þess sem haldinn var árlegur fundur þingkvenna. Enn fremur fór fram utandagskrárumræða um ástandið í Mið-Afríkulýðveldinu og aðstoð við að koma á friði, öryggi og lýðræði í landinu. Um 1.350 þátttakendur sóttu þingið, þar af um 705 þingmenn frá 145 ríkjum og 45 þingforsetar.

Tólflús-hópurinn, sem er samstarfsvettvangur vestrænna lýðræðisríkja, hittist að venju flesta morgna meðan á þinginu stóð. Á þeim fundum var farið yfir helstu mál þingsins og afstaða sendinefnda samræmd eins og hægt er, auk þess sem valdir voru fulltrúar hópsins í embætti og störf á vegum IPU. Formaður hópsins, Robert del Picchia frá Frakklandi, stýrði fundunum. Fulltrúar Tólflús-hópsins í framkvæmdastjórn IPU kynntu helstu niðurstöður funda stjórnarinnar sem haldnir voru 14. og 15. mars sl. og funda stjórnarnefndar Tólflús-hópsins sem haldinn var í París 9. febrúar sl. Rætt var um ráðningu nýs framkvæmdastjóra IPU sem fara átti fram 20. mars á ráðsfundi þingsins. Valið stóð á milli þriggja umsækjanda frá Belgíu, Kameron og Pakistan og kynntu þeir sig á fundi Tólflús-hópsins og svöruðu spurningum nefndarmanna.

Við setningu 130. þingsins flutti forseti IPU, Abdelwahad Radi, ávarp þar sem hann bauð þátttakendur velkomna og kynnti dagskrá þingsins. Hann ræddi m.a. um átökin í Sýrlandi og Úkraínu og lagði áherslu á mikilvægi orðræðu og samningaviðræðna til að varanlegur friður og sátt megi nást. Hann sagði gagnkvæma virðingu og skilning á ólíkum menningarheimum lykilatriði þegar leysa þurfi erfið deilumál og vísaði í því samhengi til fyrrnefndra átaka.

Fjórar tillögur að neyðarályktun voru lagðar fram við upphaf þingsins. Aðeins er hægt að taka fyrir eitt mál utan dagskrár á hverju þingi samkvæmt reglum IPU. Tillaga Marokkó um ástandið í Mið-Afríkulýðveldinu og aðstoð við að koma á friði, öryggi og lýðræði í landinu var samþykkt af meiri hluta þingsins. Algjör glundroði hefur ríkt í Mið-Afríkulýðveldinu undanfarið ár eða síðan uppreisnarmenn boluðu forsetanum Francois Bozize frá völdum. Landið er nú meira og minna stjórnlaust og hafa uppreisnarmenn gengið þar um myrðandi og rænandi. Ályktun þingsins endurspeglar málefni umræðunnar og var hún samþykkt.

Almenn umræða fór fram um stjórnmalalegt, efnahagslegt og félagslegt ástand í heiminum undir yfirskriftinni endurskoðun skuldbindinga varðandi frið og öryggi. Ragnheiður Ríkharðsdóttir og Birgitta Jónsdóttir tóku þátt í umræðunni fyrir hönd Íslandsdeildar. Ragnheiður lagði í ræðu sinni áherslu á jafnrétti kynjanna og nauðsyn þess að konur hafi aðgang að öllum sviðum samfélagsins. Þá ræddi hún um mikilvægan þátt kvennahreyfinga í heiminum sem stuðlað hafa að þróun í átt til aukins jafnréttis. Í því sambandi vísaði hún til arabíska vorsins þar sem kvennahreyfingar gegndu mikilvægu hlutverki sem hreyfiafl á breytingatímum í átt til aukins jafnréttis. Jafnframt lagði Ragnheiður áherslu á mikilvægi menntunar og jákvæð áhrif hennar á friðar- og lýðræðisþróun.

Birgitta lagði í ræðu sinni áherslu á frelsi til tjáningar, upplýsinga og friðhelgis sem grundvöll lýðræðis. Þá ræddi hún um nauðsyn sameiginlegrar framtíðarsýnar mannkyns til verndar umhverfis okkar og ábyrgð borgara í lýðræðisþróun. Það sé hlutverk þingmanna að skapa lagagrundvöll fyrir auknu beinu lýðræði sem stuðlað geti að endurnýjuðu trausti. Að

lokum beindi Birgitta orðum sínum til Rússa og bað þá vinsamlegast að ræða við Úkraínu og Kínverja að hefja orðræðu við Dalai Lama, andlegan leiðtoga Tíbeta.

Fastanefndirnar þrjár tóku fyrirframákveðin mál til umfjöllunar. Í 1. nefnd, um frið og alþjóðleg öryggismál, var umræðuefnið hlutverk þjóðþinga við að stuðla að heimi án kjarnorkuvopna. Skýrsluhöfundar skýrðu fundargestum frá vinnu nefndarinnar og drög að ályktun. Í ályktuninni er m.a. lögð áhersla á nauðsyn þess að þingmenn tryggi að samningur um bann við útbreiðslu kjarnorkuvopna (*e. Treaty on the Non-Proliferation of Nuclear Weapons (NPT)*) sé virtur og tryggi afvopnun í aðildarríkjum til lengri tíma. Birgitta Jónsdóttir tók þátt í störfum nefndarinnar og lagði fram tillögu að umræðuefni fyrir næsta ár undir yfirskriftinni friðhelgi á 21. öldinni og lýðræði framtíðar. Birgitta kynnti tillöguna á fundi framkvæmdastjórnar nefndarinnar og verður tekin ákvörðun um val á umræðuefni á næstu vikum. Birgitta lagði í máli sínu áherslu á að ef friðhelgi njóti ekki við sé lýðræði ekki virkt. Hún vísaði jafnframt til ályktunar á grundvelli máls hennar sem samþykkt var á ráðsfundi IPU í nóvember 2011. Mál Birgittu hefur verið til umfjöllunar hjá mannréttindanefnd IPU sem hefur m.a. fjallað um það út frá tjáningarfrelsi sem hornstein lýðræðis. Birgitta lagði í máli sínu áherslu á mikilvægi þess að vernda friðhelgi einkalífs en eins og málum er háttað í dag eru notendur samskiptavefja á internetinu ekki lagalega varðir.

Í 2. nefnd, um sjálfbæra þróun, efnahags- og viðskiptamál, var ályktun samþykkt um þýðingu lýðfræðilegrar þróunar og náttúrulegar takmarkanir á þróun ríkja. Umræðuefni næsta árs verður um hvernig stuðla megi að nýju kerfi varðandi stjórnun vatns í heiminum.

Í 3. nefnd, um lýðræði og mannréttindi, var samþykkt ályktun um hlutverk þjóðþinga við vernd réttinda barna. Birgitta Jónsdóttir tók þátt í störfum nefndarinnar og lagði fram tillögu að umræðuefni fyrir næsta ár, þá sömu og fyrir 1. nefnd. Tillagan hlaut góðar undirtektir og var valin ein af þremur áhugaverðustu umræðuefnum en laut í lægra haldi fyrir tillögu frá Sameinuðu arabísku furstadæmunum um alþjóðalög í tengslum við fullveldi ríkja, íhlutunarleysi um innanlandsmál og mannréttindi. Þess má geta að mikill áhugi var á tillögu Birgittu hjá Tólflús-hópnum og stefnt er að því að halda tveggja klukkustunda pallborðsumræður um efnið í tengslum við haustþing IPU í Genf í október nk. Þá fundaði nefnd um málefni Sameinuðu þjóðanna í tengslum við þingið og fjallaði m.a. um samstarfið milli Sameinuðu þjóðanna, þjóðþinga og IPU.

Ráð IPU kom tvisvar saman á þinginu og afgreiddi fjölda mála. Aðildarríki IPU eru nú 163. Rætt var um fjárhagsáætlun fyrir árið 2015 og yfirlit yfir skipulagða fundi og framkvæmdir seinni hluta árs 2014 og 2015. Kosinn var nýr framkvæmdastjóri IPU í stað Anders Johnson sem gegnt hefur embættinu síðan 1993. Kosið var á milli þriggja umsækjenda og hlaut Martin Chungong frá Kameron afburða kosningu og var ráðinn til fjögurra ára (frá 1. júlí 2014 til 30. júní 2018) til starfsins með möguleika á framlengingu.

Nefnd um mannréttindi þingmanna kynnti skýrslur um brot gegn mannréttindum þingmanna og samþykkti ráð IPU fjölmargar ályktanir á grundvelli þeirra. Þess má geta að 214 þingfulltrúar á 130. þingi IPU voru konur (30,4%), sem er lakari árangur en náðist á síðasta þingi (31%). Næsta haustþing verður haldið í Genf 12.–16. október 2014 og vorþing 2015 verður haldið í Hanoi 28. mars til 1. apríl. Þá var samþykkt að vorþing 2016 yrði haldið í Lusaka í Zambíu 19.–23. mars.

Frekari upplýsingar má nálgast á nefndasviði og á vefsvæðinu: <http://www.ipu.org/>.